

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 – 1993

15. mars 1993

253

Nr. 111

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Reykjafjarðarál og á Kolkugrunni.

1. gr.

Frá kl. 21 15. mars 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°43'N – 20°56'V
2. 66°30'N – 21°08'V
3. 66°35,5'N – 20°49'V
4. 66°19,8'N – 20°40'V
5. 66°19,5'N – 21°18,8'V
6. 66°30'N – 21°30'V
7. 66°46'N – 21°30'V
8. 66°41,5'N – 21°20'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.